

Umsögn vegna kafla 8.6

Sæstrengir til flutnings raforku milli markaða.

Góðan dag.

Ég er einn stofnenda og framkvæmdastjóri sprotafyrirtækisins GreenQloud Tölvuský ehf. en auk þess er ég í stjórn CleanTech Iceland, samtökum fyrirtækja í grænni tækni innan Samtaka Iðnarrarins. Ég vil sérstaklega gera athugasemd við kafla 8.6 sem fjallar um flutningu raforku milli Íslands og annara landa um sæstreng.

GreenQloud er að fara að opna heimsins fyrsta græna tölvuský sem er rekið á 100% endurnýjanlegri orku eins og gefur að skilja á Íslandi. Tölvuský eru hluti af mest vaxandi iðnaði tæknigeirans nú (6x hraðari vöxtur en allir aðrir flokkar) og er áætlað að markaðurinn fyrir þau hlaupi á tugum milljörðum Bandaríkjadala og í nýlegri skýrslu sem var gerð fyrir Írland áætla þeir að þar geti skapast 8600 störf vegna þeirra (<http://sns.ly/kwbey2>) á næstu þremur árum auk gríðarlegs sparnaðar. Það er því nokkuð ljóst að virðisauki slíkra þjónusta á Íslandi, sem að nýta hér íslensku gagnaverin, er margfalt meiri á megavattið en sæstrengur til útlanda og er því vonlaust að hugsa bara um verð á kílóvattstund.

Að auki var verið að setja á kolefnisskatt (Carbon Reduction Commitment) í Bretlandi og ein afleiðingin er sú að hætt verður við byggingu fjölda gagnavera þar á bæ og er þetta ótrúleg lyftistöng fyrir íslenskan gagnavers- og tölvuskýjaiðnað. Með lögn sæstrengs til Breta er ákveðnu samkeppnisforskoti kippt undan þessum iðnaði. Sala á hreinni raforku til Færeyja þykir mér þó skömminni skárri hugmynd og mætti gera úr samstarf clean tech fyrirtækja milli landanna.

Að lokum vil ég mótmæla harðlega þeirri vanhugsuðu hugmynd að taka "skítuga" orku til baka til Íslands á álagstímum. Ég hef rætt þetta við marga, meðal annars fyrirtæki innan CleanTech Iceland, og það hafa allir verið sammála um það að sú aðgerð ein og sér myndi algjörlega eyðileggja risastórt markaðstækifæri sem við höfum gagnvart innflutningi á öllum tegundum af orkufrekum framleiðsluiðnaði. Við verðum að halda Íslandi "Truly Green" eins og við hjá GreenQloud köllum það.

kveðja

Eiríkur Hrafnsson

eiki@greenqloud.com

kt.2502785279